



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Gjaldskrá

fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi

1. grein

Af köttum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Tálknafjarðarhreppi, nr. 1/2007 sbr. 2. gr. hennar.

2. grein

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald sem hér segir :

- Skráningargjald kr. 7.500.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest sbr. 2. gr. samþykktar um kattahald kr. 10.700.-
- Bráðabirgðaleyfi, kr. 3.750.-

3. grein

Af skráðum köttum skal innheimta árlegt leyfisgjald, fyrir hvern kött kr. 5.900. Ekki skal innheimta leyfisgjald sama ár og köttur er skráður.

4. grein

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging og umsýslugjald sveitarfélagsins.

5. grein

Veittur er 3.200.- kr. afsláttur af árlegu leyfisgjaldi ef leyfishafi framvísar staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram.

6. grein

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



7. grein

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25.gr.laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Tálknafirði 13. desember 2018.

f.h. Tálknafjarðarhrepps,

Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri